

Þriðjudagurinn, 4. desember 2001

174. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 38/2001

## **Auglýsingar Bræðranna Ormsson ehf. á loftbóludekkjum**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

##### **1.**

Í lok október 2001 birtust í fjölmiðlum auglýsingar frá Bræðrunum Ormsson ehf. á Bridgestone Blizzak dekkjum, sk. loftbóludekkjum. Í auglýsingunum sagði m.a. að dekkjin væru „Best í snjó og hálku“ og að þau væru „Bestu dekkjin í snjó og hálku“. Þá sagði í dagblaðsauglýsingum að komið hefði í ljós að Blizzak dekkjin væru betri en nagladekk í hálku og snjó. Til staðfestingar þessum fullyrðingum var vísað til niðurstöðu tilraunar með hemlunarvegalengdir mismunandi vetrardekkja sem unnin var af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Í dagblaðsauglýsingum var einnig að finna graf sem sýndi meðalhendlunarvegalengd mismunandi dekkja og hemlategunda á þurrum ís á 60 km hraða.

##### **2.**

Í kjölfar ábendingar frá neytanda fór Samkeppnisstofnun yfir niðurstöður tilraunar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og bar þær saman við auglýsingar Bræðranna Ormsson með vísan til ákvæða 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Í niðurstöðum tilraunarinnar segir á bls. 9:

*„Ekki er marktækur munur á hemlunarvegalengdum negldra hjólbarða og loftbóludekkja á þurrum ís með viðnámsstuðul um 0,1.“*

Þá segir á bls. 12:

*„Rétt er að leggja á það ríka áherslu, að niðurstöður þessarar tilraunar gilda aðeins fyrir þær aðstæður sem voru þegar prófin fóru fram og ekki er rétt að yfirfæra tilraunina á einhverjar aðstæður sem ekki ríktu og tæki eða búnað sem ekki var prófaður.“*

Jafnframt er tekið fram að meðal þess ástands vegyfirborðs sem ekki var prófað í verkefninu hafi verið snjór og blautur ís.

Með vísan til framangreinds sendi Samkeppnisstofnun Bræðrunum Ormsson bréf, þann 1. nóvember 2001, þar sem sagði að stofnunin fengi ekki betur séð en að fullyrðingar Bræðranna Ormsson um að Bridgestone Blizzak dekkinn væru „best í snjó og hálfu“ og aðrar sambærilegar fullyrðingar stæðust ekki. Fullyrðingarnar væru því rangar, villandi og ósanngjarnar gagnvart keppinautum og neytendum þar sem verið væri að skírskota til óviðkomandi mála. Samkeppnisstofnun taldi því að auglýsingarnar brytu gegn ákvæðum samkeppnislaga. Samkeppnisstofnun beindi þeim tilmælum til Bræðranna Ormsson að hætta birtingu allra auglýsinga og dreifingu auglýsingabæklinga þar sem gefið væri til kynna að Bridgestone Blizzak dekk væru betri í snjó og hálfu en önnur dekk. Fyrirtækinu var jafnframt gefinn kostur á að koma að athugasemdum við þessa niðurstöðu eða skýringum.

Engar skriflegar athugasemdir bárust en í símtali, þann 5. nóvember 2001, tjáði Karl Ottó Karlsson, fh. Bræðranna Ormsson, starfsmanni Samkeppnisstofnunar að auglýsingum fyrirtækisins yrði breytt með tilliti til athugasemda stofnunarinnar.

### 3.

Í Fréttablaðinu, þann 9. nóvember 2001, birtist síðan auglýsing Bræðranna Ormsson þar sem sagði m.a.: „*Réttu dekkinn fyrir ABS bremsurnar! Í grafinu hér til hliðar má sjá að Bridgestone Blizzak dekkinn leysa nagladekkinn af hólmi. Þessi niðurstaða sem fékkst í íslenskri prófun staðfestir niðurstöður prófana frá öðrum löndum: Blizzak – best í snjó og hálfu!*“.

Í bréfi, dags. 9. nóvember 2001, til Bræðranna Ormsson ítrekaði Samkeppnisstofnun það sem fram kom í bréfi stofnunarinnar frá 1. nóvember og tjáði fyrirtækinu að stofnunin fengi ekki séð að framangreindar fullyrðingar stæðust. Bent var á að niðurstöður könnunar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins sýndu ekki marktækan mun á hemlunarvegalengdum negldra hjólbarða og loftbóludekkja á þurrum ís hvorki með bifreiðum með ABS-hemla né venjuleg hemla. Aðstæður í snjó og hálfu hafi ekki verið prófaðar.

Tekið var fram að Bræðurnir Ormsson hefðu ekki sýnt fram á að *Blizzak* dekk væru „best í snjó og hálfu“ eða að þau væru „*Réttu dekkinn fyrir ABS bremsurnar*“. Þá væri ljóst að niðurstaða íslensku könnunarinnar staðfesti ekki niðurstöður ótilgreindra erlendra prófana um ástand í snjó og hálfu þar sem slíkt ástand hafi ekki verið prófað í íslensku könnuninni. Slíkar fullyrðingar taldi Samkeppnisstofnun rangar, villandi og ósanngjarnar gagnvart keppinautum og neytendum, sbr. 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

Jafnframt var Bræðrunum Ormsson tilkynnt að þar sem fyrirtækið hefði ekki farið að tilmælum Samkeppnisstofnunar yrði málið lagt fyrir auglýsinganefnd og

samkeppnisráð til ákvörðunar. Þá beindi Samkeppnisstofnun þeim eindregnu tilmælum til Bræðranna Ormsson að hætta nú þegar öllum auglýsingum þar sem niðurstöður íslensku könnunarinnar væru rangtúlkaðar.

Bræðrunum Ormsson var gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða skýringum.

#### 4.

Í bréfi Bræðranna Ormsson, dags. 14. nóvember 2001, segir:

*„Í bréfi dagsettu, 9. nóvember síðastliðinn koma fram aðfinnslur um auglýsingar sem birst hafa að undanfögnu í dagblöðum og dreifibréfum.*

*Við hjá Bræðrunum Ormsson höfum farið yfir þessi mál og undrumst það moldviðri sem þyrlað hefur verið upp. Okkur er spurn hvort þetta sé runnið undan rifjum samkeppnisaðila okkar, vegna þess að sést hafa auglýsingar sem eru beittari en okkar.*

*Þrátt fyrir ofangreint munum við hjá Bræðrunum Ormsson breyta auglýsingum okkar til að koma til móts við óskir ykkar þar um.“*

#### 5.

Í Fréttablaðinu, þann 22. nóvember 2001, birtist enn auglýsing frá Bræðrunum Ormsson þar sem segir:

*„Bridgestone Blizzak loftbóludekkinn. Lausnin í stað naglanna!*

*Réttu dekkinn fyrir ABS bremsurnar!*

*Í grafínu hér til hliðar má sjá að Bridgestone Blizzak dekkinn leysa nagladekkinn af hólmi. Þessi niðurstaða sem fékkst í íslenskri prófun staðfestir niðurstöður prófana frá öðrum löndum:*

*Blizzak – best í snjó og hálfu!“*

Sem fyrr var í auglýsingunni graf sem sýndi meðalhemlunarvegalengd á þurrum ís.

Í Fréttablaðinu, þann 27. nóvember 2001, birtist síðan enn á ný auglýsing frá Bræðrunum Ormsson sem inniheldur sama texta og í auglýsingunni frá 22. nóvember nema í stað *„Blizzak – best í snjó og hálfu!“* sagði nú *„Blizzak – í snjó og hálfu!“*.

## 6.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 2001, tilkynnti Samkeppnisstofnun Bræðrunum Ormsson að málið yrði lagt fyrir auglýsinganefnd og samkeppnisráð til ákvörðunar.

## II.

### Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, þann 28. nóvember 2001, var mál þetta tekið fyrir. Þátt í fundinum tóku Tryggvi Axelsson, Bergsveinn Sampsted og Jóhannes Gunnarsson. Í fundargerð segir:

*„Auglýsinganefnd hefur kynnt sér auglýsingar Bræðranna Ormsson á Bridgestone Blizzak loftbóludekkjum og niðurstöður tilraunar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins með hamlunarvegalengdir mismunandi vetrardekkja.*

*Í auglýsingunum er að finna fullyrðingar s.s. „Best í snjó og hálfu“, „...betri en nagladekk í hálfu og snjó“, „Bestu dekk in snjó og hálfu“, „Réttu dekk in fyrir ABS bremsurnar“, „...dekk in leysa nagladekk in af. Þessi niðurstaða sem fékkst í íslenskri prófun staðfestir... best í snjó og hálfu.“. Allar fullyrðingarnar eru settar fram með vísan til fyrrnefndrar tilraunar Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og er í þeim að finna graf yfir hamlunarvegalengdir á þurrum ís sem sýna á sannleiksgildi þeirra.*

*Auglýsinganefnd fær ekki séð að þær fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum Bræðranna Ormsson um gæði og eiginleika loftbóludekkja fáist staðist með vísan til tilraunar Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Þannig sýnir tilraunin að ekki er marktækur munur á hamlunarvegalengd loftbóludekkja og nagladekkja á þurrum ís og aðstaður í snjó voru ekki kannaðar. Eingöngu þurr ís, blautt og þurrt yfirborð voru athuguð. Þannig hafa ekki verið færðar sönnur á fullyrðingar þar sem efsta stig lýsingarorðs, best, er notað. Auglýsinganefnd telur að auglýsingar Bræðranna Ormsson innihaldi rangar og villandi upplýsingar sem settar séu fram til að hafa áhrif á eftirspurn loftbóludekkja. Þá eru slíkar auglýsingar ósanngjarnar gagnvart neytendum og keppinautum þar sem verið er að skírskota til óviðkomandi mála. Auglýsingarnar brjóta í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga.*

*Í ljósi þess að Bræðurnir Ormsson hafa þrátt fyrir ítrekuð tilmæli Samkeppnisstofnunar ekki breytt auglýsingum á loftbóludekkjum leggur auglýsinganefnd til við samkeppnisráð að auglýsingarnar verði bannaðar, sbr. 30. og 51. gr. samkeppnislaga.“*

### III. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 4. desember 2001, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, og Þórólfur Matthíasson.

Í auglýsingum Bræðranna Ormsson á Bridgestone Blizzak loftbóludekkjum eru settar fram stóryrtar fullyrðingar um að loftbóludekk séu betri en nagladekk og að þau henti ABS-hemlum betur. Þetta gerir fyrirtækið með vísan til niðurstaðna íslenskrar tilraunar þrátt fyrir að í þeim sé skýrt tekið fram að ekki hafi komið fram marktækur munur hvað varðar þau atriði sem tilgreind eru sérstaklega í auglýsingunum Bræðranna Ormsson. Samkeppnisstofnun hefur ítrekað gert athugasemdir við auglýsingarnar sem fyrirtækið hefur virt að vettugi.

Samkeppnisráð tekur undir með auglýsinganefnd að auglýsingar Bræðranna Ormsson á Bridgestone Blizzak loftbóludekkjum brjóti í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga. Í ljósi ítrekaðra birtinga auglýsinganna telur samkeppnisráð nauðsynlegt að banna Bræðrunum Ormsson frekari birtingu þeirra með heimild í 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga. Fari Bræðurnir Ormsson ekki að banninu mun samkeppnisráð beita fyrirtækið viðurlögum sbr. 51. gr. samkeppnislaga.

### IV. Ákvörðunarorð:

**„Samkeppnisráð bannar Bræðrunum Ormsson ehf., Lágmúla 8, Reykjavík, að birta auglýsingar á Bridgestone Blizzak loftbóludekkjum þar sem fullyrt er að dekkin, með vísan til tilraunar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, séu betri en nagladekk, henti ABS-hemlum betur, séu best í snjó og hálfu og aðrar sambærilegar fullyrðingar. Þetta er gert með heimild í 30. gr. samkeppnislaga með vísan til 21. gr. sömu laga þar sem slíkt gefur neytendum rangar og villandi upplýsingar.**

**Bannið tekur gildi við birtingu.**

**Verði ekki farið að banninu mun samkeppnisráð beita viðurlögum 51. gr. samkeppnislaga.“**